

Umhverfis- og skipulagsþjónusta
Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 24. janúar 2019
UST201812-004/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag - Hjallabraut í Hafnarfirði - breyting


Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar er barst 4. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar á svæði við Hjallabraut.

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að svæðið við Hjallabraut er eitt af þeim svæðum sem lagt er til að þétta byggð á. Til stendur að skipuleggja byggð austan Hjallabrautar á röskuðu svæði sem er í útjaðri hverfisverndaðs svæðis. Í lýsingu kemur fram að áætlunin mun ekki leiða til röskunar á hraunmyndunum.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda áætlun.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur